

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Mánudaginn 17. janúar 2005 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:**1. Sorpförgun á Norðurlandi vestra.**

Fyrir fundinum lágu tvær fundargerðir verkfunda samstarfsnefndar um sorpförgun á Norðurlandi vestra og Ómari Bjarka Smárasyni jarðfræðings sem er ráðgjafi við undirbúning málsins.

- a) Fundargerð frá 8. desember 2004, þar sem fjallað er um stöðu gerðar matsáætlunar um sameiginlega sorpförgun fyrir Skagafjörð, Akrahrepp, Siglufjörð og Austur-Húnavatnssýslu.
- b) Fundargerð frá 12. janúar 2005, þar sem fjallað er um tillögu að matsáætlun sem er komin á lokastig og verður send sveitarstjórnnum til upplýsinga og athugasemda innan tíðar. Á þeim fundi var einnig lögð fram skýrsla um sorporkustöð sem Íshröngl ehf. hefur unnið.

Sveitarstjóri sem situr í samstarfsnefndinni skýrði málið nánar og greindi frá störfum nefndarinnar. Málið var til kynningar og ekki gerðar sérstakar ályktanir vegna þess.

2. Erindi Ámundakinnar ehf

Fyrir fundinum lá erindi Ámundakinnar ehf. þar sem stjórn félagsins fer fram á aukið hlutfé sem nemur 250 þúsundum til að standa undir hærri byggingarkostnaði en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í bréfi félagsins er aukin kostnaður skýrður og viðbrögð stjórnar sem auk beiðni um 25% hækkun hlutfjár almennra hluthafa gerir ráð fyrir fjölgun hluthafa. Hreppsnefnd ræddi erindið og samþykkti að verða við því og auka hlutfé um 250 þús.

3. Byggðakvóti

Fyrir fundinum lá tillaga að reglum um úthlutun 138 þorskígildislesta sem komu í hlut Höfðahrepps skv. ákvæðum reglugerðar nr. 960/2004. Jensína Lýðsdóttir og Birna Sveinsdóttir lýstu vanhæfi sínu til að fjalla um málið vegna vensla við hugsanlega umsækjendur um kvóta skv. reglunum. Viku þær báðar af fundi á meðan málið var til umfjöllunar. Tillagan var rædd og farið yfir forsendur og með hvaða hætti sé rétt að forma reglur um úthlutunina. Samþykkt samhljóða að senda tillöguna til sjávarútvegsráðuneytisins og óska samþykktar á reglunum.

4. Önnur mál.

Til umfjöllunar var tekin sú mikla hækkun á raforkuverði til húshitunar sem fyrirbyggjandi er að verði í kjölfar nýrra raforkulaga. Hreppsnefnd samþykkti svohljóðandi ályktun: Hreppsnefnd Höfðahrepps mótmælir harðlega þeirri hækkun sem fyrirbyggjandi er að verður á raforkuverði til húshitunar og beinir því til iðnaðarráðherra að gangast fyrir því að

Hreppsnefnd Höfðahrepps
Fundargerðir

niðurgreiðslur verði auknar til að minnka áhrif þessara hækkana. Hreppsnefnd skorar jafnframt á Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum að fylgjast með málinu og gæta hagsmuna þeirra sem þurfa að hita hús sín með raforku.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 9⁵⁰

Magnús B. Jónsson

(sign)

Adolf H. Berndsen

(sign)

Berglind Guðmundsdóttir

(sign)

Jensína Lýðsdóttir

(sign)

Birna Sveinsdóttir

(sign)